

Nd.

44. Frumvarp til laga

[42. mál]

um garðávaxta- og grænmetisgeymslur.

Flm.: Jón Sigurðsson, Ásgeir Bjarnason, Pétur Ottesen, Gísli Guðmundsson,
Sigurður Bjarnason.

1. gr.

Framleiðsluráði landbúnaðarins skal falið að vinna að því, að komið verði upp, þar sem hentast þykir, vönduðum og hæfilega stórum geymslum fyrir garðávexti og grænmeti á helztu framleiðslu- og markaðsstöðum með hliðsjón af samgöngum og öðrum aðstæðum. Skal að því stefnt, svo sem ástæður frekast leyfa, að þeir, sem framleiða garðávexti og grænmeti til sölu, geti komið þessum söluvörum sínum í örugga geyslu, svo að á öllum tímum árs verði á boðstólum nægilegt af innlendum garðávöxtum og grænmeti.

Landbúnaðarráðherra hefur yfirstjórn þessara mála með höndum.

2. gr.

Garðávaxta- og grænmetisgeymslur þær, er um ræðir í 1. gr., eiga rétt á stofnstyrk úr ríkissjóði, er nemi $\frac{1}{4}$ byggingarkostnaðar húsa með tilheyrandi vélum og öðrum útbúnaði, ef þær uppfylla eftirfarandi skilyrði:

- a. Að eigendur þeirra séu framleiðendur garðávaxta eða grænmetis eða hlutaðeigandi búnaðarfélag, búnaðarsambönd, kaupfélög eða sveitar- og bæjarfélög.
- b. Að geysluhúsið með tilheyrandi vélum sé staðsett og byggt í samráði við framleiðsluráð landbúnaðarins og að úttekt kunnáttumanna hafi farið fram, er beri með sér, að húsið fullnægi þeim kröfum um byggingarefni og vélakost, er tryggji varanleik og geysluhæfni slíkra húsa.
- c) Að eigendur geysluhúsanna reki þau sem sjálfstæð fyrirtæki með sérstöku reikningshaldi.
- d. Að allir framleiðendur garðávaxta og grænmetis á hlutaðeigandi félagssvæði eigi rétt á að gerast meðlimir, enda eigi þeir rétt á, ef þeir óska þess, að koma til geyslu eða sölu í garðávaxta- og grænmetisgeymsluna, eftir því sem húsrúm leyfir, þeim hluta framleiðslu sinnar, er telst til úrvalsflokks og 1. flokks, í réttu hlutfalli við heildarframleiðsluna á félagssvæðinu.

3. gr.

Nú hefur garðávaxta- og grænmetisgeymsla hlotið viðurkenningu framleiðsluráðs og fullnægi þeim skilyrðum, sem sett eru í 2. gr., og á hún þá rétt á, að Grænmetisverzlun ríkisins kaupi á hverju hausti nokkurn hluta af því magni, er húsinu berst til sölu af úrvalsflokks og 1. flokks kartöflum, og komi þeim þar í geyslu gegn hæfilegu gjaldi. Skal með kaupum þessum reynt að koma því til vegar, að allir lands-

hlutar eða framleiðslusvæði fái sem líkasta aðstöðu til að losna við framleiðslu sína og í sem réttustu hlutfalli.

Landbúnaðarráðherra ákveður árlega að haustinu í samráði við framleiðsluráð landbúnaðarins og Grænmetisverzlun ríkisins um kaup Grænmetisverzlunarinnar samkvæmt þessari grein.

4. gr.

Landbúnaðarráðherra setur með reglugerð í samráði við framleiðsluráð landbúnaðarins og Grænmetisverzlun ríkisins nánari fyrirmæli um framkvæmd laga þessara.

5. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglugerð varða sektum frá 200—2000 krónum.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Það er langt síðan hugsandi menn komu auga á, að í ýmsum héruðum landsins voru skilyrði til framleiðslu kartafna og annarra garðávaxta svo ákjósanleg, að þar mætti hæglega rækta allar þær kartöflur og fleiri garðávexti, sem þjóðin þarfn-aðist, og spara þannig alveg erlendan gjaldeyri til slíkra kaupa.

Óhagstætt tíðarfar undanfarin ár hefur án efa valdið nokkru um, hve seint hefur gengið að ná þessu marki. En þó mun sönnu nær, að tilfinnanlegur skortur á góðum geymslum hafi valdið hér mestu um. Framleiðendur hafa margir hverjir orðið fyrir svo miklum skakkaföllum af skemmdum á sölukartöflum sínum, að þeim hefur ekki þótt svara kostnaði að leggja fé og vinnu í stórræktun, meðan ekki rættist úr í þessu efni.

Óvenjulega hagstætt tíðarfar síðastliðið sumar átti mestan þátt í því, að nú er kartöfluppskeran í fyrsta sinn talin meiri en ársneyzlan. Það kemur þá ekki heldur á óvart, að nú horfir til stórvandræða með geymslu á þessari miklu hjörg. Virðist yfirvofandi, að kartöflur, sem nema stórfé, eyðileggist sökum þess, að alls ónógar og ófullkomnar geymslur eru fyrir hendi. Á allra síðustu árum hafa verið byggðar nokkrar vandaðar kartöflugeymslur. Hefur þetta verið að nokkru leyti á tilrauna-stigi. En nú er svo komið, að ef rétt er að farið, geymast ósýktar kartöflur þar óskemmdar árlangt.

Nú er því tími til kominn að hefjast handa og koma upp öruggum geymslum, fyrst og fremst fyrir kartöflurnar, en jafnframt fyrir aðra garðávexti og grænmeti, eftir því sem ástæður leyfa og þörf krefur á hverjum stað. Og þó að þær geymslur komi ekki að gagni á þessu hausti, munu þær áreiðanlega, þótt síðar verði, bjarga miklum verðmætum frá eyðileggingu og spara mikinn erlendan gjaldeyri.

Að dómi okkar flutingsmanna er þetta þjóðfélagslegt nauðsynjamál og því rétt-mætt, að ríkið hlaupi undir bagga með því að leggja fram $\frac{1}{4}$ stofnkostnaðar. Er það sami stofnstyrkur og mjólkurbú hafa notið. Jafnframt er gert að skilyrði fyrir styrknum, að tryggt sé, að húsin verði vönduð og framleiðendum tryggð umráð og afnot þeirra.

Loks er nokkur kvöð lögð á Grænmetisverzlun ríkisins um kaup á kartöflum til þess að greiða fyrir kartöfluframleiðendum og tryggja um leið rekstur geymslu-húsanna.

Að endingu skal þess getið, að sala garðávaxta og grænmetis og skortur á nauð-synlegum geymslum hefur verið mjög til athugunar og umræðu í framleiðsluráði landbúnaðarins og aðalfundur Séttarsambands bænda hafa gert itrekaðar samþykktir um þessi mál undanfarin ár. Málinu hefur þó ekki verið komið á framfæri við Al-þingi, sökum þess að ekki hefur náðst samkomulag við aðra aðila um breytta skipan þessara mála á þann veg, er framleiðsluráð taldi æskilegast. Með frv. þessu er leitazt við að leysa þann þátt málsins, sem nú er mest aðkallandi og samkomulag er um.